


Burðargrind skal samansett úr þunnplötu stálprófílum skv. málum á teikningu. Um er að ræða stærstu fjarlægðarmál stoða. Almennt eru stoðir úr 145 * 1,2 mm stál en þar sem merkt er með (*) við stoð skal nota 145 * 1,5 mm stálstoð.
Fótstykki og yfirstykki glugga eru 145 * 1,2 mm nema annað sé tekið fram á sniðmyndum.
Yfirstykki veggja skal vera 145 * 1,5 mm stálprófíll. Varmaleiðni stoða og yfirstykkja skal vera < 8 W/m°C. Afstífing veggja vegna lárétts álags er í gifs-klæðningarplötum að utan og innan.
Þar sem sú stífing er ekki næg eru settar 9 mm krossviðarplötur á veggina skv. sniðmyndum.
Klæða skal veggina að utan með rakaþolnum 9 mm gifsplötum, festum með riðfríum 25 mm gifsskrúfum c/c 150 á köntum annars c/c 250.
Að innan skal klæða veggina með 2*13 mm gifsplötum beint á burðargrind. Skara skal samskeyti svo þau lendi ekki á sömu stoð í innra og ytra lagi.
Festa skal inniplötunum með 35 mm gifsskrúfum c/c 100 á köntum en annars c/c 200.
Einangra skal með 145 mm þéttull milli veggstoða (30 kg/m ). Rakasperra skal sett á milli gifslaga innan veggstoða.
Festing veggstoða við leiðara skal almennt vera 4 stk 4,2 mm ryðfríar sjálfborandi skrúfur í hverja samsettningu, nema annað sé tekið fram á sniðmyndum. Nota skal endastýfingu á stoðir.
Undir gólfleiðara skal setja tjöruríkan pappa, ICOPAL 1500 eða sambærilegan.
Festing gólfleiðara við sökkul skal vera gerð með M12/160 festibolta c/c 600.
Festibolta skal staðsetja 70 mm frá útbrún veggja.
Bora skal fyrir festiboltum skv. fyrirsögn framleiðanda.
Setja skal auka M16/250 festibolta við veggenda.
Undir hverja ró komi 60*60 undirlagsskinna.
Innveggjastoðir í burðarvegg skal festa við þakbita með 3 stk. d4,8 mm sjálfborandi skrúfum.
Innveggi skal klæða með 13 mm gifsplötum beggja vegna. Gifsplötur skal skrúfa með 25 mm skrúfum c/c 200.
Festing innveggja við gólf skal vera M12/160 festibolti c/c 600.

Byggingafulltrúi Hafnarfjarðar
Afgreitt þann
14 JAN. 1999
Sigurbjartur Halldórsson

| NR | DAGS | BREYTINGAR | NAFN |
|---|---|---|---|
| 01 | 02.01.'99 | Breyting á texta v/grindar | BG |

BJARKI GUÐMUNDSSON
BYGGINGATÆKNIFRÆÐINGUR
LÆKJASMÁRI 84, 200 Kópavogi
Sími: 564 1607 & 896 4994

VERKHEITI
**Teigabyggð 12, Hafn.**
**Burðargrind, útveggir/innveggir**
Grunnmynd

MKV. 1:50 | DAGS Sept '98 | VERK NR. ERF06 V101.dwg | TEIKN. NR. V-101
HANNAÐ BG | TEIKNAÐ BG | SAMÞYKKT
FTFÍ KT: 041267-3649